



Fréttabréf Árskógarsskóla

8. tölublað, 2. árgangur, apríl 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Símanúmer skólans

Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötlukot: 460-4973

Félagsheimili: 460-4979

Grænfáninn!?



Hvar er grænfáninn?

.....Hann er samanbrotinn en fær veglegan sess á nýrri stöng í sumar, nýstraujaður



Stjórnendur skólans

Ef spurningar vakna þá endilega hafðu samband í síma 460-4970 eða sendu póst.

Gunnþór Eyfjörð skólastjóri
gunnthore@dalvikurbyggd.is

Hjördís Jóna deildarstjóri
jona@dalvikurbyggd.is

Til þjónustu reiðubúin!

Kæra skólasamfélag

Páskar, sólin hækkar á lofti, tíminn líður og við í Árskógarsskóla erum klár fyrir vor og sumar. Það var gaman hjá okkur í mars frábær árshátíð þar sem nemendur voru frábærlega skemmtilegir og fullt af fólki sem kom til að njóta þess. Tvær ferðir til Dalvíkur að horfa á skólaskemmtun, fara á bókasafn og svo var íþróttadagur þar sem m.a. var farið í golf, klifurvegginn og íþróttamiðstöðina, mikið fjör og gaman. Annars allt gott að fréttu, fyrsta starfsár skólans langt komið og hingað til erum við óskaplega stolt af skólanum okkar, nemendum, starfsfólki og foreldrum sem hafa gert mikið fyrir skólann m.a. gegnum öflugt foreldrafélag. Við ætlum að læra af þessum fyrsta vetri og gera enn betur þann næsta og eru allar ábendingar vel þegnar. Skólinn á að vera athvarf þar sem gott er að koma og við teljum okkur vera á réttri leið hvað það varðar. Þú ert alltaf velkomin/n í Árskógarsskóla.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Sumarfrí



Tíminn líður og áður en við vitum af er komið sumarfrí. Sumarlokun leikskólastígs er **frá og með 15. júlí** og við opnum aftur **14. ágúst kl. 12:15**. Grunnskólastig fer í sumarfrí að loknum skólaslitum þess **7. júní** og mæta aftur til leiks í viðtal hjá umsjónarkennara **23. ágúst**.

Skólinn okkar—þemavika

Á skóladagatali 8.-12. apríl er mannréttindapema. Við ætlum hins vegar að breyta yfir í þemað “skólinn okkar” og byrja að gera upp fyrsta veturinn með nemendum. Einn af grunnþáttum menntunar er einmitt **Lýðræði og mannréttindi** og er þetta þema í þeim anda. Markmiðið er að nemendur hafi áhrif á skólann sinn og þær ákvarðanir sem eru teknar, mikilvægt að raddir nemenda og skoðanir séu virtar. Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Og ef það á að vera réttlátt þá þurfa allir að hafa jafna möguleika til þátttöku þrátt fyrir að búa yfir misjöfnum burðum til þátttöku. Við ætlum að mynda umræðuhópa og halda þing þar sem við listum upp það sem kemur fram í umræðum.

Leiksvæðishugmynd

Leiksvæði yngstu barnanna er í vinnslu og gæti litið svipað út og þessi mynd sýnir sem Kristín Dögg Jónsdóttir starfsmaður skólans hefur gert eftir hugmyndum starfsfólks. Undirbúningur er hafinn vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í sumar. Markmiðið er að þá verði til afgirt öruggt leiksvæði fyrir yngstu börn skólans. Til



verksins eru áætlaðar 5 milljónir á þessu ári sem dugar a.m.k. fyrir girðingu og tilfærslu leiktækja.

Töskuyfirferð. Foreldrar barna á Kötlu koti eru vinsamlegast beðnir um að yfirfara töskur barna sinna og passa að það séu fót sem hæfa risjóttu veðurfari. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir börn sem eru allan daginn í skólanum. Einnig að hafa aukaföt og skó í töskum eða pokum. Þetta er mikilvægt til að auðvelda þrif sem mest.



Aðalnámskrá fyrir greinasvið grunnskóla.

Seinni hluti aðalnámskrár grunnskóla fyrir einstök greinasvið hefur verið birtur sem [rafræn útgáfa](#) á vefsíðu ráðuneytisins. Honum er bætt aftan við almenna hluta námskrárinnar sem heitir nú: Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti 2011 og greinasvið 2013. Lögformleg útgáfa verður birt í stjórnartíðindum fljótlega. Útgáfa aðalnámskrár fyrir greinasvið grunnskóla er lokaáfangi í heildarendurskoðun á aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem hófst í kjölfar heildarendurskoðunar laga fyrir þessi skólastig.



Lokanir í apríl

Þriðjudaginn **2. apríl** er **skipulagsdagur** og námskeið. Einnig er komið að sumardegnum fyrsta **25 apríl**. Þessa daga er skólinn lokaður. Sjá frekar um lokanir á viðburðadagatali.



Nýjar myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!

Viðburðadagatal apríl 2013

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

<p>1 Annar í páskum Lokað</p>  <p>Ingibjörg Jóna afmæli</p>	<p>2 Skipulagsdagur Skólinn Lokaður</p> 	3	4	<p>5 Sund hefst hjá 1-7 bekk</p> 	6	7
<p>8 Skólinn okkar-þema</p>	<p>9 Skólinn okkar Sund hefst hjá börnum fædd 2007</p> 	<p>10 Skólinn okkar-þema</p>	<p>11 Skólinn okkar-þema</p>  <p>Hlynur Atli afmæli</p>	<p>12 Skólinn okkar-þema</p>	13	14
15	16	17	18	19	20	21
<p>22 Bókadagur</p> 	23	24	<p>25 Sumardagurinn fyrsti Lokað</p>	26	27	28
29	30					